

Mál nr. 81/2014

Steinþór Ólafsson

og

vátryggingafélagið X vegna bifreiðar A

og

vátryggingafélagið (Y) vegna bifreiðar B.

Árekstur á frárein frá Höfðabakka inn á Vesturlandsveg dags. 13.2.2013

Gögn.

- 1) Málskot, móttakið 20.3.2014, ásamt fylgiskjölum
- 2) Tölvubréf X, dags. 8.4.2014
- 3) Bréf Y, dags. 4.4.2014

Málsatvik.

Ökumaður B og ökumaður A óku báðir bifreiðum sínum suður Höfðabakka, hinn fyrrnefndi á vinstri akrein en sá síðarnefndi á þeirri hægri. Báðir beyja inn á frárein sem liggur inn á Vesturlandsveg í vesturátt. Ökumaður B kveðst hafa verið aðeins utarlega á sinni akrein og ekki séð neina bifreið í hliðarspegli. Kveðst hann skyndilega hafa séð A og heyrt hljóð en ekki fundið neitt högg. Ökumaður A segir ökumann B hafa tekið víða beygju inn á hægri akreinina og ekið í hlið bifreiðar sinnar.

X telur að ökumaður B beri alla sök.

Y telur ósannað að árekstur hafa orðið.

Málskotsaðili kvartar yfir álitni tjónanefndar vátryggingafélaganna sem taldi að fella bæri alla sök á hann.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að bifreiðin B hafi farið yfir á hægri akrein og rekist utan í A. Verður af þeim sökum að telja að hann hafi ekki gætt nægilegrar aðgæslu og verður hann því að bera sök í málinu.

Niðurstaða.

Málskotsaðili, ökumaður bifreiðar B, ber óskipta sök á árekstrinum.

Reykjavík, 8. maí 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.